

Ábyrgðartrygging hunda

Eigandi hunds getur orðið ábyrgur fyrir skemmdum eða slysum sem hundurinn veldur. Reykjavíkurborg innifelur ábyrgðartryggingu í skráningargjaldi og árlegu eftirlitsgjaldi þess sem leyfi fær fyrir hundahaldi. Ábyrgðartryggingin nær til tjóns sem hundur veldur þriðja aðila ef eigandi/umráðamaður/gæslumaður á beina sök á tjónsatburði með vanrækslu sinni eða saknæmu gáleysi. Með því er átt við að eigandi/umráðamaður/gæslumaður hafi valdið tjóninu viljandi eða með gálausri hegðun eða athafnaleyssi. Slíkt er metið eftir atvikum hverju sinni.

Af hverju tjóni ber hundeigandi/leyfishafi eigin áhættu sem hann verður krafinn um af tryggingafélagi við uppgjör tjónsins. Fjárhæð eigin áhættu er tilgreind í vátryggingaskírteini Reykjavíkurborgar og nemur hún 10% af kostnaði tjóns, að lágmarki 28.000 kr. en að hámarki 280.000 kr. Fjárhæð eigin áhættu tekur breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs hverju sinni og miðast framangreind fjárhæð við vísitölu í júlí 2016 (434,9).